

## Fundargerð

**229. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 6. september 2016 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>10</sup>.

|           |  |  |
|-----------|--|--|
| Viðstödd: | Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður<br>Bryndís Skúladóttir (BS)<br>Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)<br>Guðfinnur Johnsen (GJ)<br>Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)<br>Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)<br>Lúðvík Gústafsson (LG) | Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.<br>Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.<br>Gestur: Már Karlsson |
|-----------|--|--|

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Erindi vegna spillefna
- (3) Veiðarfæri
- (4) Glerumbúðir
- (5) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([228. fundar](#)).

*Samþykkt*

### 2. Erindi vegna spillefna

Lagt var fram á fundinum erindi frá Efnamóttökunni varðandi uppsöfnum spilliefna til brennslu hjá Kölku. ÓK fór yfir að Kalka hefur undanfarið ekki náð að anna eftirspurn þjónustuaðila um brennslu spilliefna. Efnin hafa því safnast upp hjá þjónustuaðilum þar sem að Kalka hefur takmarkaða möguleika til að safna upp efnunum á sínu svæði. Úrvinnslusjóður greiðir þjónustuaðilum fyrir meðhöndlun úrgangs þegar ráðstöfunarkvittun frá ráðstöfunaraðila, í þessu tilviki Kölku, liggur fyrir. Þjónustuaðilar verða fyrir ýmsum kostnaði vegna þessa. Óskað er eftir að þessi kostnaður verði bættur af Úrvinnslusjóði.

ÓK sagði frá því að ástandið hjá Kölku væri ekki að lagast í bráð. Jafnframt sagði hann frá því að athugað hafa veri með ráðstöfun spilliefna m.a. á Spáni og Danmörku. Stjórn ræddi stöðuna. Sérstaklega var horft til þess fordæmis sem slík greiðsla hefði gagnvart öðrum flokkum úrgangs, það að greiða fyrir geymslu úrgangs þegar að ráðstöfun tefst. Rætt var hvort að frekar ætti að hækka gjaldskrá Úrvinnslusjóðs tímabundið til að mæta þessum kostnaði. Fordæmi eru fyrir slíkum aðgerðum sem stjórn Úrvinnslusjóðs greip til í tilfelli pappaumbúða og í flokki hjólbarða við hrun markaða árin 2008-2009.

*Stjórn samþykkir að fela ÓK að gera tillögu að tímabundinni hækkin á gjaldskrá vegna meðhöndlunar spilliefna til þjónustuaðila.*

### **3. Veiðarfæri**

ÓK fór yfir að Úvinnslusjóður hefur verið með samning við SFS, áður LÍÚ, síðan 2005 um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu veiðarfæraúrgangs úr gerviefnum. Samningur var lagður fram á fundinum. GJ fór yfir framkvæmd SFS við að uppfylla samninginn. Meginþorri af veiðarfæraúrgangi er sendur til Lithaen til endurvinnslu SFS hefur enga móttökustöð sem stendur eftir að PM endurvinnsla fór í þrot. Kemur það helst niður á litlum útgerðum. Verð á endurvinnslumarkaði með veiðarfæri úr plastefnum hefur lækkað og stendur vart undir sér lengur. GJ sagði frá nýjum samstarfsáðila í Danmörku. GJ hefur rætt við Pure North Recycling í Hveragerði um samstarf við að koma veiðarfærum til endurvinnslu að hluta eða öllu leiti hjá þeim.

Egersund, Efnamóttakan og Gámaþjónustan hafa tekið á móti veiðarfærum og sent til endurvinnslu.

Árangur af innsöfnun á veiðarfærum sem fer til endurvinnslu er mjög góður, eða riflega 85% af því sem safnað er.

### **4. Glerumbúðir**

ÓK hélt kynningu á ýmsum atriðum sem snúa að söfnun og meðhöndlun glerumbúða. Hann fór yfir áætlað magn úrgagangs frá glerumbúðum. Samkvæmt grófu mati gæti það verið um 4-5000 tonn á ári. Drykkjarumbúðir með skilagjaldi eru 7000 tonn þar af er skilað til meðhöndlunar um 6000 tonnum á ári. ÓK sagði frá sveitarfélögum er bjóða íbúum að skila af sér flokkuðum glerumbúðum. Farið var yfir meðhöndlun á glerumbúðum sem safnað er hjá sveitarfélögum. Sorpa safnar glerinu og mun ætla að nýta sem uppfyllingarefni í framtíðinni, gangi áætlanir eftir. Farið var yfir söfnun á grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. ÓK fór yfir að ekki væri hægt að endurvinna gler með bræðslu til framleiðslu á nýju gleri hér á landi. Ekki félli til nægt magn. Það þyrfti því flytja glerumbúðirnar til útlanda til að nýta glerið í slíka framleiðslu. Efnið yrði þá líkast til flutt í opnum förmum (bulk) og þá þyrfti 2-3000 tonn til að það borgaði sig. Einnig væri hægt að flytja glerið út í gánum en það yrði töluvert dýrarí flutningsleið.

Stjórn ræddu næstu skref í málinu. Stjórn óskar eftir að haldið verði áfram samtali endurvinnsluaðila, atvinnulífið, sveitarfélög og UAR.

### **5. Önnur mál**

Engin

Næsti fundur ákveðinn 20. september 2016.

Fundi slitið kl 14:10

Gudrun G. Þórisdóttir  
Rens Þórisdóttir  
Bryndis Skuladóttir  
Bryndis Gunnlaugsdóttir  
Ljósálfur

Gísli K. Guðleifsson